Hafnarfirði 8. maí 2023

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Þá er síðasta törnin framundan. Síðasta dagur í kennslu samkvæmt stundatöflu er í dag en á morgun, **þriðjudaginn 9. maí**, er svokallaður námsversdagur þar sem nemendur geta komið í stofur og hitt kennara sína til að fá aðstoð við að undirbúa lokapróf og/eða skila lokaverkefnum, sjá skipulag hér. **Miðvikudagurinn 10. maí** er **upplestrardagur fyrir nemendur** og því fellur öll kennsla niður. Síðan hefjast próf samkvæmt próftöflu **fimmtudaginn 11. maí.** Fyrsta prófið er í íslensku, bæði kl. 08:30 og 11:00. Föstudaginn 12. maí eru próf í jarðfræði og sálfræði og svo koll af kolli.
Lokaprófum lýkur **þriðjudaginn 23. maí** en þá fara síðustu forfallaprófin fram. Einkunnir verða birtar daginn eftir, sama dag og prófsýning fer fram, **miðvikudaginn 24. maí kl. 11:30 – 13:00.** Við munum auglýsa þessar dagsetningar vel þegar nær dregur en allar upplýsingar um skólastarfið má finna á heimasíðu skólans. Þar á meðal próftöflu, reglur í prófum og fleira. Þá er vert að vekja athygli á því að ef færa þarf próf **vegna veikinda á próftíma** þá þarf að láta **skrifstofu skólans vita sem fyrst á prófdegi**.

Þá viljum við minna á að lokadagur til að skila inn vottorðum vegna veikinda **er föstudagurinn 12. maí.**

Hér má sjá yfirlit yfir það sem framundan er:

Helstu dagsetningar	
Þriðjudagur 9. maí	**Námsversdagur**
Miðvikudagur 10. maí	**Upplestrarfrí**
Fimmtudagur 11. maí	**Fyrsti prófdagur**
Þriðjudagur 23. maí	**Síðasti prófdagur**
Miðvikudagur 24. maí	**Einkunnir birtar og prófsýning**
Laugardagur 27. maí	**Brautskráning**

Að gefnu tilefni vegna umræðu í fjölmiðlum undanfarnar um áform um **endurskipulagningu á framhaldsskólum landsins**, þ.m.t. Flensborgarskólann og Tækniskólans, þá er sú umræða á hugmyndastigi og mun ekki koma til með að hafa áhrif á nám ykkar hér við skólann. Skólastarfið hefur sinn vanagang og við höldum áfram með okkar metnaðarfulla skólastarf, vonandi um ókomna tíð.

Gangi ykkur vel á lokametrunum!

Með bestu kveðju,

Erla

_____

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400

HEILSUEFLANDI
framhaldsskóli

GRÆN SKREF
í ríkisrekstri

JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022